

Nd. 42. Frumvarp til laga [42. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Þar til fjárlög fyrir árið 1980 taka gildi er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1979, að teknu tilliti til almennrar verðlagsþróunar, öll venjuleg rekstrargjöld og önnur gjöld er talist geta til venjulegra fastra greiðslna ríkisins þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn. Þá er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegar greiðslur til að standa við þegar gerða samninga vegna fjárfestinga ríkisins.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt á árinu 1980 að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins.

3. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að 12 000 millj. kr. á árinu 1980 og verja andvirði þess í samráði við fjárveitinganefnd til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurlána til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar sem augljóst er að ekki verður unnt að afgreiða fjárlög fyrir árið 1980 fyrir næstu áramót þer brýna nauðsyn til að veita ríkisstjórninni þær heimildir, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, þannig að ekki komi til greiðslustöðvunar hjá ríkissjóði þegar hinn 1. janúar n. k. Ef til slíkrar greiðslustöðvunar kæmi næði hún m. a. til allra sammingsbundinna greiðslna ríkissjóðs, þ. á m. launa, auk allra venjulegra rekstrargjalda og annarra gjalda sem talist geta venjulegar fastar greiðslur ríkissjóðs. Af þessum sökum er frumvarp þetta lagt fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eðlilegt þykir að miða gildistíð þeirra heimilda, sem um getur í þessari grein, við samþykkt fjárlaga 1980 en ekki ákveðinn dag þar sem afgreiðsla þeirra kann að dragast eitthvað fram eftir árinu 1980. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 2. gr.

Ákvæði þetta er sama efnis og liður LXVI í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1979 og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Heimildar til lántöku er leitað til þess að halda megi áfram þeim verkefnum sem þegar eru hafin. Langveigamest verkefni eru á sviði orkumála. Afla verður fjár til áframhaldandi framkvæmda við Vesturlínu en sú framkvæmd nálgast nú lokastig. Hliðstæðu máli gegnir um ýmsar framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins. Gjaldfallinn fjármagnskostnaður við byggðalínur er umtalsverður á fyrri hluta ársins 1980 og því nauðsynlegt að fjár verði aflað til að inna þær greiðslur af hendi.

Í lögum um heimild til lántöku fyrir árið 1979 fengu nokkrar stærstu hitaveitur landsins heimild til erlendra lántöku til framkvæmda. Eigi þessar framkvæmdir að ganga með eðlilegum hætti á árinu 1980 er óhjákvæmilegt að afla nokkurs erlends lánsfjár. Í þessu frumvarpi er að því stefnt að fjármálaráðherra í samráði við fjárveitinganefnd endurláni erlent lánsfé til þeirra hitaveituframkvæmda sem þegar eru hafnar.

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumdrögum að lánsfjáráætlun vegna opinberra framkvæmda á vegum A- og B-hluta stofnana og sveitarfélaga má ætla að erlendar lántökur þeirra vegna þurfi að nema um 23 milljörðum króna á árinu 1980. Þessi fjárhæð er þó auðvitað enn óráðin. Hér er því óskað heimildar sem er um helmingur þessarar fjárhæðar. Þessi heimild kemur síðan vitaskuld til frádráttar — eða verður felld inn í nýjar heimildir — þegar lánsfjárlög fyrir árið 1980 skv. lögum nr. 13/1979 verða samþykkt.

Þess má og geta að lánskjör ráðast nokkuð af lánsfjárhæð og verða há lán yfirleitt hagkvæmari mörgum smáum lánunum.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.